

AÐALFUNDUR ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN Í IÐNÓ

MÍÐVIKUDAGINN 21. FEBRÚAR 2018 KL 16.30

Útprentuð ársskýrsla Arkitektafélagsins 2017 lá frammi á fundinum og einnig hafði ársreikningur A.Í. 2017 verið aðgengilegur á heimasíðu félagsins um nokkurt skeið. Þar var einnig að finna dagskrá aðalfundar ásamt tveimur tillögum stjórnar að lagabreytingum og tveimur breytingum á samkeppnisreglum Arkitektafélagsins.

Formaður A.Í. Helgi Steinar Helgason setti fund kl. 16.43 og lagði til að fundarstjóri yrði kosinn Halldór Eiríksson og fundarritari Una Eydís Finnsdóttir. Enginn hreyfði andmælum við því.

Fundarstjóri þakkaði traustið og gekk úr skugga um að löglega hefði verið til fundarins boðað. Engar athugasemdir bárust við lögmæti fundarins.

Fyrir fundinum liggja hefbundin aðalfundarstörf, og ein tillaga að lagabreytingu frá stjórn.

1. Skýrslur stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða, rekstraráætlun og árgjald
3. Lagabreytingar
4. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir samkvæmt 12. og 15. grein félagslaga
5. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði, í samráði við stjórn, til eina breytingu á auglýstri dagskrá, til þess að gæta að samræmi við lög félagsins: Að ákvörðun um árgjald sé fært undan lið 2 í sér lið 5 og aðrir liðir færast aftar sem því nemur. Dagskráin yrði þá eftirfarandi.

1. Skýrslur stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða, rekstraráætlun
3. Lagabreytingar
4. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir samkvæmt 12. og 15. grein félagslaga
5. Árgjald
6. Önnur mál.

Enginn hreyfði andmælum og var því breytt dagskrá samþykkt.

Fyrirverandi formaður Arkitektafélags Íslands, Geirharður Þorsteinsson, lést á árinu. Fundarstjóri bað fundarmenn að rísa úr sætum til heiðurs minningu hans.

1. Skýrslur stjórnar og nefnda.

Formaður félagsins Helgi Steinar tók til máls. Meðstjórnendur hans voru kynntir, það eru þær Sóley Lilja Brynjarsdóttir sem gegnir stöðu gjaldkera og Aðalheiður Atladóttir sem gegnt hefur stöðu ritara.

Umfjöllunarefni formanns má allt lesa um í Ársskýrslunni.

Í erindinu var minnst á fund norrænu arkitektafélaganna sem haldinn var í júní þar sem umræðan um mögulega stofnun regnhlíðarsamtaka utan um norrænu arkitektafélögin stóð upp úr. Þar var einnig viðruð sú hugmynd að setja af stað norrænt tímarit um arkitektúr.

Hönnunarmars 2017, sýning á skissum í Landssímahúsinu. Sýningarstjórnun Guðrún Ragna Yngvadóttir. Sýningin þótti vel heppnuð og almenn ánægja með hana.

Feneyjartvíæringurinn: Lengi verið ósk að Ísland hafi virka þátttöku. 16. hátíðin verður haldin í á. Öll norrænu löndin að taka þátt nema Ísland. Stefnt að því að taka þátt árið 2020. Íslensk stjórnvöld væru að taka þátt.

Fengum styrk úr Miðborgarsjóði. 2 milljónir. Búa til örmyndbönd um arkitektúr í miðborg Reykjavíkur. Vinnuhópur um þetta.

Hönnunartímaritið HA. Félagar hvattir til að koma með hugmyndir að efni eða segja sína skoðun á blaðinu.

Endurmenntun Háskóla Íslands. Fulltrúar okkar þar eru Hjördís Sóley Sigurðardóttir og Hildur Ýr Ottósdóttir. Félagar hvattir til að nýta sér námskeiðin.

Rýnifundir. Sex fundir haldnir á árinu í kjölfar samkeppna. Dræm mæting á fundina. Kostnaður í kringum fundina og leiðinlegt þegar fáir mæta. Kallað eftir umræðu um formið.

UIA – Alþjóðleg samtök arkitekta. Ráðstefna UIA verður haldin í Kaupmannhöfn 2023. Íslenskir þátttakendur eiga möguleika á að verða sýnilegir þátttakendur í Kaupmannahöfn.

Kynningarfundur fyrir erlenda arkitekta starfandi á Íslandi.

Umfjallanir um arkitektúr í Menningunni á RÚV.

Samstarf LHÍ og AÍ. Stjórn álitur það geta verið meira. Stefnt að kennslu á meistarastigi í arkitektúr. Afsláttur á skírteinum bókasafns skólans.

BHM. Erum enn að fóta okkur í því. SÍM komið inn í félagið, getum e.t.v. Myndað samtalið við þá.

Verkefni framundan: Hönnunarmars. Þar verða FÍLA og AÍ í samstarfi með innsetningu á Ingólfstorgi

Málþing um Borgarlínu, okkur langar að hugsa um faglega hlutann frekar en fjárhagslega hlutann. Ráðgjafi myndi halda utan um það málþing, verið að skoða.

Sjúkrasjóðsmálið og kjarasamningur. Langhlaup, elta hvort annað. Orsök og afleiðing. Ennþá óleyst.

Formaður lauk kynningu á skýrslu stjórnar og bað Kristján Örn Kjartansson að taka til máls sem fulltrúi AÍ í stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Kristján Örn tók til máls.

Það gengur hægar en vonir stóðu til að byggja upp miðstöðina í nýju húsnæði. Þar er þó komin ný verslun. Stjórnin óskar þess að verslun í húsinu standi bak við hag allra í húsinu. Þá yrði meira líf í húsinu. Hægt væri að nýta húsnæðið mikið meira. Félagar geta nýtt húsnæðið fyrir verkefni og fundi. Hönnunarmiðstöð er í eigu AÍ og átta annarra hönnunarfélaga. Stærsti viðburður miðstöðvarinnar er Hönnunarmars. Einnig Design Talks, sem tengist hátíðinni. Hönnunarsjóður. Hönnunarverðlaun Íslands.

Frábært að arkitektúr skyldi fá hönnunarverðlaun Íslands í ár og á þá við þegar hönnuðum endurgerðar á Marshall húsinu féllu þau verðlaun í skaut.

Þjónustusamningur milli Hönnunarmiðstöðvar annarsvegar og félaganna sem eru eigendur hennar hinsvegar, um rekstur miðstöðvarinnar, er endurnýjaður á 3 ára fresti. Þörf er á að fá hækkun á fjárframlagi frá stjórnvöldum til handa Hönnunarmiðstöðvar. Þegar stjórnarskipti urðu hafði verið talið að hækkun yrði fengin, en svo varð ekki. Nú hefur verið lögð í mikla vinnu til að styrkja stoðirnar. Hækkun til eins árs fékkst.

Þjónustursamningur milli Hönnunarmiðstöðvar og aðildarfélaganna. Markmið hans: efla hönnunarmiðstöð.... skoða betur.

Markmið þjónustusamningsins er.

Efla Hönnunarmiðstöð sem sameiginlegan vettvang hönnuða og arkitekta á Íslandi sem vinnur að framgangi og vexti greinanna í atvinnulífi, samfélagi og menningu.

Styðja við og efla samtal á milli greina hönnunar og arkitektúrs við stjórnvöld og fyrirtæki.

Efla þjónustu Hönnunarmiðstöðvar Íslands við eigendur sína (félögin), og vinna að því að samræma þjónusta og gæði sem félagar eiga kost á.

Auka hagræði og samnýta fjármagn í ýmsum verkefnum eins og á vefjum og miðlum.

Félögin taka með beinum hætti þátt í kostnaði við uppbyggingu Hönnunarmiðstöðvar og staðfesta þar með mikilvægi og virka hlutdeild.

Kristján minntist á fyrirhugaðan sameiginlegan vef allra félaganna, það sé mikilvægt mál sem koma þurfi á laggirnar.

Formaður AÍ tók aftur til máls og skautaði fljótlega yfir þær nefndir sem starfa í félaginu og þau mál sem þær ólíku nefndir eru með á sínum snærum.

Formaður AÍ þakkaði gott hljóð.

Fundarstjóri tók aftur til máls og næsta mál á dagskrá eru umræður um skýrslu stjórnar. Kallað var eftir álitum félagsmanna ef menn vilja hafa um hana einhver orð.

Örnólfur Hall tók til máls. Hann spurði um nýju orðanefndina sem tók við af honum og öðrum fyrri orðanefndar meðlimum. Örnólfur vildi vita hvort hægt væri að sjá fundargerðir og sjá hvað nefndin hefðist við. Tryggvi Tryggvason sem sat í nefndinni á árinu tók til máls og sagði að verkefnið bæri nefndina ofurliði og þau gætu ekki fylgt því eftir. Ekki væri verið með því að kasta neina rýrð á þá vinnu sem fyrrum nefndar meðlimir hefðu unnið. Fjölmíðlun nútímans væri orðin svo breytt og finna þyrfti verkefninu nútímalegri farveg. Því hefði nefndin sagt af sér og gæfi frá sér verkefnið.

Örnólfur svaraði með þeim orðum að þarna væri mikil vinna, fyrrum nefndar meðlimir hefðu ekki viljað dreifa verkefninu á margra hendur. Staðið hefði til að það færi inn í orðasafn hjá Árnastofnun.

Fundarstjóri tók til máls og sagði að ábendingin væri komin til skila og ekki væri búið að leggja orðanefnd niður.

Gunnar Sigurðsson skaut því létt inn í umræður um störf félagsins að hann ásamt félögum hefðu á sínum tíma stofnað til viðburðarins Einn á stofunni undir þeim formerkjum að hann væri afslöppuð samkoma án formlegrar dagskrár eða aðkomu félagsins. Hann vildi minna stofur á að setja þetta á dagskrá að eigin frumkvæði og halda keflinu á lofti.

Pétur Ármannsson tók til máls og spurði út á hvað svokallað sjúkrasjóðsmál gengi út á.

Aðalheiður Atladóttir tekur til máls og útskýrir að þetta mál nái aftur til 10. áratugar síðustu aldar þegar sjúkrasjóður AÍ var færður til VR. Þá borgðuðu arkitektar 1.5 prósent í sjóðinn. Gengur illa að slíta hann þaðan í burtu. Ef þú vilt fara í BHM og fá réttindi þá er þetta snúið.

Halldór Eiríksson tók til máls og útskýrir að það hafi fyrir allnokkru verið langt komið með að semja við VR um brotthvarf hans en tíðar stjórarbreytingar frá 2008 og innanhússátök í VR hefðu tafið fyrir framhaldi málsins. Tekið var fram að Ásgeir Ásgeirsson og Jóhannes Þórðarson hefðu verið og væru enn stjórnarmenn í sjúkrasjóðsins. Engar aðrar spurningar um skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri tók það fram að það vantar fólk í ýmsar nefndir. Fólk beðið að hafa það í huga.

2. Rekstraráætlun og endurskoðaðir reikningar félagsins

Sóley Lilja tekur til máls. Fór yfir helstu tölur ársreikninga. Hagnaður félagsins er 2.9 milljónir, þar af eru 2 milljónir eyrnamerktaðar sem styrkur vegna örmyndbandagerðar.

Kostnaður hefur rokið upp á móti. Rekstrarkostnaðurinn er mikill. Launagiöld hafa hækkað. Vorum ekki með framkvæmdastjóra allt árið 2016. Og laun hafa rokið upp.

Kostnaður hefur farið töluvert upp og það er heilmikið bil á milli félagsgjalda og kostnaðar hjá félaginu. Samkeppnir eru algjörlega að bjarga okkur í ár og við vitum ekki hvernig næsta ár verður.

Næsta ár: gerum ráð fyrir svipuðum húsnæðis-, rekstrar og launakostnaðir og í ár.

Ekki gert ráð fyrir sömu tekjum vegna samkeppna. Verðum að auka tekjuöflun. Bilið á milli kostnaðar og tekna eru 5,9 millj.

Ef við fáum engar samkeppnir erum við komin 6 milljónir í mínus.

Skoðunarmenn ráku augun í að þetta bil væri of mikið.

Því þurfi að hækka félagsgjöld.

Lagt til að hækka félagsgjöld um 15%. Um 5 þús, úr kr. 33.100 í kr. 38.100

Hækkun útgáfugjalds. Er í dag kr. 5.000 á ári. Allir félagsmenn borga þetta gjald. Breyta úr kr. 5.000 útgáfugjaldi í kr. 10.000 útgáfu- og vefmiðlagjald.

Hugmyndir að tekjuöflun:

Fjölgun félaga, sameining við önnur félög, samtöl við þá sem ekki eru félagar, aukning félaga gegnum BHM.

Nú fer fram sala auglýsinga á vefsíðu. Aukin ný gerð þjónustu vegna samkeppna, nýr markaður, einkaaðilar. Að nýta betur styrki sem borga einstaka verkefni.

Kosið verður um hækkunina á eftir.

Fundarstjóri tók til máls. Við höfum tíma til að melta þessa hækkunartillögu stjórnar. Ef menn hafa spurningar til Sóleyjar vegna reksturs síðasta árs. Engar spurningar.

3. Lagabreytingar

Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri tekur til máls, kynnir sig og starf sitt stuttlega. Hún gerði grein fyrir tveimur lagabreytingartillögum sem liggja fyrir fundinum. Fyrri lagabreytingin varðar 4. grein laga. Tillaga að nýrri málsgrein er skáletruð.

„4. gr. Félagsmenn greiða félagsgjöld og útgáfugjöld eins og þau eru ákveðin á aðalfundi ár hvert. *Félagismaður sem hefur fasta búsetu erlendis, (býr a.m.t. 8 mánuði eða lengur af almannaksári erlendis), getur sótt um 50% afslátt af félagsgjöldum, fari hann skriflega fram á það við stjórn.*

Ein athugasemd kom fram um orðalagið „fasta búsetu“. Tryggvi Tryggvason lagði til breytingu á orðalagi sem fundurinn útfærði svohljóðandi:

„Félagismaður sem hefur fasta búsetu erlendis, getur sótt um 50 % afslátt af félagsgjöldum.. Félagismaður skal tilkynna stjórn þegar réttur til afsláttar á ekki lengur við.“

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var tekin til umfjöllunar tillaga að breyttu orðalagi 23. greinar laga AÍ.

Núverandi orðalag greinarinnar hljóðar svo:

„Skuldi félagismaður eitt árgjald glatar hann atkvæðisrétti og nýtur þá ekki lengur þjónustu félagsins. Skuldi félagismaður tvö árgjöld skoðast það sem úrsögn úr félaginu, enda hafi stjórn tilkynnt félaganum stöðu hans áður í ábyrgðarbréfi. Úrsögn með þessum hætti leysir menn ekki undan skuldum við félagssjóð.“

Breytingartillagan hljóðar svo:

„Greiði félagi ekki félagsgjald í eitt ár, skal honum vísað úr félaginu og skuldin sett í innheimtu. Stjórn félagsins skal gera viðkomandi viðvart skriflega, með þriggja mánaða fyrirvara. Úrsögn með þessum hætti leysir men ekki undan skuldum við félagssjóð.“

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir, samkv.12. og 15. gr.

Undir liðnum kosningar í stjórn, ráð og nefndir bauð fundarstjóri fundarmönnum að bjóða sig fram í nefndir á fundinum.

Hér mun fundarritari skrá þá kjörnu fulltrúa sem buðu fram krafta sína og fundurinn studdi með lófataki.

Til stjórnar AÍ: Helgi Steinar Helgason til formanns, Karl Kvaran til ritara, Sóley Lilja Brynjarsdóttir til gjaldgera.

Skoðunarmenn ársreikninga: Jakob Líndal og Sigríður Magnúsdóttir

Samkeppnisnefnd: Gunnar Sigurðsson til formanns, Jóhann Einar Jónsson og Laufey Agnarsdóttir.

Markaðsnefnd: Ólafur Hjördísarson Jónsson.

Laganefnd: Tryggvi Tryggvason formaður, Gíslína Guðmundsdóttir.

Menntamálanefnd: Þórarinn Malmquist og Anna María Bogadóttir.

Dagskrárnefnd: Björn H. Jóhannesson.

Siðanefnd: Albína Thordarson, Guðmundur Gunnarsson, Þórhallur Pálsson.

Orðanefnd. Enginn bauð sig fram og hún því ómönnuð. Visað til stjórnar.

Kjaranefnd. Una Eydís Finnsdóttir og Soffía Tinna Hjörvarsdóttir.

Stjórn Minningarsjóðs Guðjóns Samúelssonar: Helgi Steinar Helgason, Ásmundur H. Sturluson, Sigríður Ólafsdóttir, Erling Jóhannesson.

5. Atkvæðagreiðsla um árgjald. Dagskráin leiðrétt, hafði áður verið kynnt á fundinum undir lið 4.

Fyrst hækkun á félagsgjaldi. Tillagan hafði verið kynnt af Sóleyju Lilju. beðnir um að rétta upp hönd væru þeir samþykkir breytingunni. Tillagan var samþykkt Fundarmenn voru með öllum greiddum atkvæðum.

Því næst var tekin fyrir hækkun á útgáfu- og vefmiðlagjaldi. Allir nema einn samþykkur. Handaupprétting.

6. Önnur mál.

Fundarstjóri bað fundarmenn að láta sig vita hefðu þeir vilja til að tala við fundinn. Björn H. Jóhannesson kom fram með hugmynd að samtali kynslóðanna. Einskonar málþingi þar sem eldri félagar og yngri félagar ættu faglegt samtal og aðrir gestir gætu tekið þátt. Sagði þetta vera ástæðu þess að hann bauð fram krafta sína í Dagskrárnefnd. Varðandi áðurnefnda rýnifundi sagði Björn að honum þætti mega breyta formi samkeppna. Kostnaðurinn við að taka þátt í samkeppni væri mun hærri en áður og lagði til að samkeppnistillögum væri skilað á minnikubbi til að fleiri gætu átt kost á að taka þátt. Lagði

einnig til að tími til að skila samkeppnum yrði lengdur. Helgi Steinar formaður svaraði Birni varðandi samtal kynslóðanna og sagði að hann hefði mikinn áhuga á þessu og hvatti hann til að koma þessu á dagskrá. Gunnar Örn Sigurðsson formaður Samkeppnisnefndar tók til máls og sagði að í dag væru tvær samkeppnir í gangi þar sem lengri tími væri gefinn til úrlausna en sagði einnig að sumum finnist þetta vera of langur tími. Varðandi minnskubbstillöguna sagði Gunnar Örn að nefndin hefði rætt það að fækka plönsum. Björn lagði þá til að textinn sem fylgir samkeppnum geti verið á A4 formi. Gunnar Örn sagði fyrir hönd Samkeppnisnefndar að þau muni taka þessar ábendingar til athugunar.

Örnólfur Hall tók til máls. Hann vildi lýsa óánægju sinni með að í fjölmiðlum væri það orðið afar sjaldgæft að arkitektar bygginga væru nefndir nöfnum. Að fremur væri nafn verkkaupa nefnt og lagði til að Siðanefnd myndi fjalla um málið. Annað mál sem Örnólfur harmaði er þegar arkitektar sjálfir gleyma að minnast á upphaflegu höfundar bygginga þar sem fengist er við verk eldri arkitekta. Tók fram að þar væri honum í huga ákveðið hús sem kennt er við ákveðinn amerískan hershöfðingja. Sagði það hvergi koma fram í umfjöllum um bygginguna hverjir þessir höfundar voru í upphafi. Annar þeirra hafi verið heiðursfélagi á áður árum. Að lokum hvatti Örnólfur stéttina til að halda uppi vinnu við orðanefnd og sagði að arkitektar mættu ómögulega vera minni menn en verkfræðingar og læknar sem haldi utan um sín íðorð tengdum stéttum sínum. Sagði að með því að halda uppi íðorðasafni væri stéttin að efla vægi arkitekta.

Fundarstjóri óskað eftir viðbrögðum fundarmanna við málefnum þeim sem Örnólfur flutti. Helgi Steinar tók til máls og sagði að hann deildi áhyggjum Örnólfs varðandi fjölmiðlaumfjöllum. Sagði að stjórnin ræddi þetta oft. Að það virtist eðlileg að ræða við rithöfund nýrrar bókar en ekki endilega höfund nýrrar byggingar. Helgi Steinar sagðist vilja hafa hvatningarlista til að senda á fjölmiðla. Á þeim lista væru tillögur með ábendingum um hvers beri að gæta og hvern beri að nefna þegar fjallað er um byggingarlist.

Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri AÍ tók fram að félaginu hefði borist athugasemd vegna framsetningar á umfjöllum um Marshallhúsið. Búið sé að leiðrétta síðuna og nú séu allir höfundar hússins nefndir á heimasíðu AÍ.

Kristján Örn Kjartansson tók undir orð Örnólfs að berum verði virðingu fyrir verkum annarra arkitekta. Sagðist hafa tekið eftir því að eftir að byggingarreglugerð var breytt og orðinu hönnunarstjóra bætt þar inn séu byggingarfulltrúaembættin hætt að fylgjast með þessu og hafa verði samband við þegar breyta verði áður byggðum byggingum

Pétur Ármannsson bað um að fá að gera grein fyrir atkvæði sínu þegar kosið var um útgáfu- og vefmiðlagjald. Hann sagðist heilshugar styðja hugmyndir um sameiginlega

heimasíðu en sagðist ekki samþykkur því að verja frekari fjármunum í tímaritið HA. Því hefði hann ekki kosið með tillögunni.

Kristján Örn sagði að varðandi útgáfumál og heimasíður væri verið að endurskoða allt heildrænt. Hvatti félagsmenn til að koma með athugasemdir.

Björn H. Jóhannesson sagðist sammála Pétri um útgáfumálin og lagði til að félagið gæfi sjálft út blað um byggingarlist.

Helgi Steinar tók til máls og sagðist vera að heyra munnleg viðbrögð við útgáfustarfsemi HA fyrst nú. Sagði öll útgáfumál vera í mikilli endurskoðun en enn sé samhugur allra sem að blaðinu standa að ekki sé tímabært að gefa það upp á bátinn.


Karl Kvaran tók til mál varðandi HA og heimasíðuna. Sagði mjög mikilvægt að taka rétta afstöðu í byrjun. Ýmis blöð úti í heimi séu að koma sér betur fyrir á internetnu. Þar séu boðleiðir hraðari og meira samtal því fólk geti auðveldar komið með sitt eigið efni til birtingar.

Þetta reyndust lokaorð fundarins

Fundarstjóri Halldór Eiríksson lýsti dagskrá fundarins tæmda, þakkaði góðan fund og sleit fundi klukkan 18.44.



fundarritari,
Una Eydís Finnsdóttir.



fundarstjóri,
Halldór Eiríksson